

MINNISBÓK

AÐALRÁÐ-

STEFNU

**VERTU
VIÐBÚIN/N!**

Áður en ráðstefna hefst, getur þú búið þig undir að hlusta á rödd Drottins með því að leita persónulegrar opinberunar.

Hef ég gefið mér tíma til að biðjast fyrir í einrúmi?

Hef ég lesið ritningarnar mínar?

**STAÐUR TIL AÐ SKRÁ EIGIN FJÁRSJÓÐ PERSÓNULEGRA
OPINBERANA Á AÐALRÁÐSTEFNU.**

SPURÐU

Öldungur Jeffrey R. Holland
kenndi: „Opinberun hlýst næstum
alltaf sem svar við spurningu.“¹

OG HLUSTAÐU SÍÐAN

Aðalráðstefna er dásamlegt tækifæri til að læra það sem Drottinn vill að þú vitir og gerir. Hvernig geturðu þá vitað þegar hann talar til þín? Það hefst á því að þú íhugir líf þitt og hvað þú þarfnast hjálpar með.

Hér er nokkuð sem íhuga má:

Gefðu þér tíma til að skrifa niður hvaða persónulegu leiðsögn þú vonast til að Drottinn veiti þér á aðalráðstefnu.

Þegar þú hlustar á aðalráðstefnu, hafðu þá þessar spurningar í huga. Drottinn getur veitt þér persónulega leiðsögn.



GLÓSAÐU

Það eru margar ástæður fyrir því að fólk glósar á aðalráðstefnu. Að glósa, getur hjálpað þér að halda athyglinni vakandi og muna eftir því sem þú heyrðir. Þegar þú glósar, sýnirðu Drottni að þú ert undir það búin að hljóta persónulega opinberun og bregðast við henni.

Láttu reyna á þetta! Þegar þú hlustar á ráðstefnu, hafðu þá ekki áhyggjur af því að skrifa niður það sem ræðumenn segja orð fyrir orð. Ef þú missir af einhverju, geturðu alltaf lesið eða hlustað á ræðuna síðar. Einbeittu þér að því að skrifa hugsanir og hughrif meðan ræðurnar eru fluttar. Ef þú skrifar þetta niður um leið, þarftu ekki að rifja það upp síðar.

Það sem þeir sögðu:

Tilfinningar mínar og hughrif:

Þarftu leiðsögn um hvernig á að gera það? Hér eru nokkrar:

„Þegar ég glósa á ráðstefnu, skrái ég ekki alltaf nákvæmlega það sem ræðumaðurinn segir, heldur þá persónulegu leiðsögn sem andinn veitir mér. „Það sem er *sagt* er ekki jafn mikilvægt og það sem við *heyrum* og *skynjum*.“

Öldungur Robert D. Hales (1932–2017)²

Það sem þeir sögðu:



SÉRSTÖK BOÐ

Kirkjuleiðtogar setja oft fram boð til að hjálpa okkur að vaxa andlega. Hefur þú heyrt einhver sérstök boð á ráðstefnuhlutunum? Skrifðu þau hér til að gleyma þeim ekki!



Tilfinningar mínar og hughrif:



HLÉ!

Hefur þú hlotið svör við einhverjum spurningum þínum fram að þessu? Ef þú getur, gefðu þér þá tíma til að skrifa leiðsögnina sem þú hefur hlotið.



„Ég lofa ykkur, að er þið heyrið rödd Drottins til ykkar í kenningum þessarar aðalráðstefnu og bregðist síðan við þeim innblæstri, þá munið þið finna himins hönd yfir ykkur og þið og þeir sem umhverfis ykkur eru, munu blessaðir verða.“

Öldungur Neil L. Andersen³



„Stærstu blessun aðalráðstefnu hljótum við eftir að ráðstefnan er yfirstaðin. Minnst fyrirmyndarinnar sem skráð er ítrekað í ritningunum: Við komum saman til að hlýða á orð Drottins og er við förum heim lífum við eftir þeim.“

Öldungur Robert D. Hales⁴



Það sem þeir sögðu:



Tilfinningar mínar og hughrif:



HLÉ!

Hefurðu fengið fleiri hugmyndir um það sem þú þarft að halda áfram að gera, hætta að gera eða byrja að gera til að bæta eigið líf?



SÉRSTÖK BOÐ

Kirkjuleiðtogar setja oft fram boð til að hjálpa okkur að vaxa andlega. Hefur þú heyrt einhver sérstök boð á ráðstefnuhlutunum? Skrifðu þau hér til að gleyma þeim ekki!

HVAÐ Á ÉG AÐ GERA NÆST?

Hve dásamleg upplifun að hafa hlustað á vitnisburði postula og spámana! Fékkstu leiðsögn sem getur hjálpað þér í lífinu?

Nú er góður tími til að setja sér markmið sem hjálpa við að bregðast við því sem lærst hefur. Hér eru nokkrar hugmyndir.

- Veldu eitt eða tvennt varðandi persónulega leiðsögn og gerðu áætlun um að bregðast við.
- Gerðu áætlun um að bregðast við einni þeirra áskorana eða boða sem þú heyrðir.
- Hlustaðu á ráðstefnuræðu á hverjum morgni meðan þú hefur þig til fyrir skóla.
- Miðlaðu vini einni eftirlætis frásögninni eða tilvitnuninni eða á samfélagsmiðli.
- Ráðgerðu tíma fyrir fjölskyldu þín til að miðla því sem stóð upp úr hjá hverju þeirra meðan á aðalráðstefnu stóð.
- Ertu með aðra hugmynd? Skrifðu þín eigin markmið:

Notaðu skæri til að klippa út þennan hluta síðunnar. Þú getur síðan staðsett hann þar sem þú sérð hann á hverjum degi, til að minna þig á markmiðin þín!





„Svör við ákveðnum bænum geta borist beint frá ákveðinni ræðu eða ákveðnu orðtaki. . . . Einlæg þrá til að hlýða á og fylgja orðum leiðsagnar, mun greiða leið að persónulegri opinberun.“

Öldungur Dieter F. Uchtdorf⁵

Heimildir

1. Jeffrey R. Holland, „Cast Not Away Therefore Your Confidence,” *Ensign*, mars 2000, 9.
2. Robert D. Hales, aðalráðstefna október 2013 (*Ensign* eða *Liahona*, nóv. 2013, 6).
3. Neil L. Andersen, aðalráðstefna október 2017 (*Ensign* eða *Liahona*, nóv. 2017, 126).
4. Robert D. Hales, aðalráðstefna október 2013 (*Ensign* eða *Liahona*, nóv. 2013, 7).
5. Dieter F. Uchtdorf, „General Conference—No Ordinary Blessing,” *Ensign* eða *Liahona*, sept. 2011, 4.


© 2022 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn.

LEYFI TIL ENDURPRENTUNAR ÞESSA BÆKLINGS ER HEIMILUÐ TIL EINKANOTA EN EKKI Í AUGLÝSINGASKYNI. ÞETTA FELUR Í SÉR LEYFI DEILDARLEIÐTOGA TIL AÐ PRENTA NOKKUR EINTÖK FYRIR ÞÁ SEM PEIR ÞJÓNA VEGNA KÖLLUNAR SINNAR. BÆKLINGURINN VERÐUR AÐ VERA PRENTAÐUR Í HEILD SINNI. ÞETTA FELUR EKKI Í SÉR LEYFI TIL AÐ SETJA INNLEGG Á NETIÐ. NOTA EFNID Í ÖÐRUM TILGANGI EÐA DREIFA PVÍ. ÖLL ÖNNUR NOTKUN Á ÞESSU EFNI KREFST LEYFIS.

permissions.ChurchofJesusChrist.org

ÞURFIÐ ÞIÐ FLEIRI EINTÖK?

Hlaðið þessari minnisbók niður og prentið hana á conference.ChurchofJesusChrist.org.



KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU